

SÉRTÆKAR LESRASKANIR

– ORSAKIR, EINKENNI OG AFLEIÐINGAR –

HVAÐ ERU LESTRARÖRÐUGLEIKAR?

Lestur byggir í grunninn á tvenns konar færni:

- **Umskráningu** (lestri á orðum)
- **Lesskilningi**

Umskráning er hin tæknilega hlið lestrar og felst hún í því að umbreyta bókstöfum (rituðum orðum) í töluð orð og setningar. Lesskilningur byggir hins vegar á færni lesandans í þeim þáttum tungumálsins sem tengjast málskilningi, eða málfræði, setningafræði og orðaforða.

Ekki er hægt að tala um virkan lestur nema að þessi tvö ferli vinni saman og því þarf lesandinn að ná tökum á báðum þáttum til að teljast læs. Þannig beitir lesandinn þekkingu sinni á tungumálinu, málfræði og setningarfræði við að umskrá (lesa) orðin þó svo að hljóðkerfið sé í grunninn sá þáttur sem sér um hljóðkerfisúrvinnslu bókstafanna í hljóð og orð. Nákvæm umskráning, sem felst í því að geta lesið orðin rétt, er aftur á móti forsenda þess að lesandinn nái hárréttum skilningi á textann. Þegar nemandi á við erfiðleika að stríða við ofangreinda þætti getur verið að um sértæka lesröskun sé að ræða.

SÉRTÆKAR LESRASKANIR

a) Lesblinda (dyslexía) er sértækur námsörðugleiki af taugalíffræðilegum uppruna. Lesblinda tengist einkum veikleikum í **hljóðkerfisþætti** tungumálsins, sem veldur erfiðleikum við **umskráningu**. Einkennin birtast í erfiðleikum með nákvæman, sjálfvirkan lestur og slakri færni í stafsetningu og umskráningu. Erfiðleikana má í flestum tilfellum rekja til vanda við úrvinnslu málhjóða sem er ekki í samræmi við aðra vitsmunalega hæfni einstaklingsins og koma fram þrátt fyrir vandaða lestrarkennslu. Lesblinda getur leitt til erfiðleika með lesskilning og ónógrar lestrarreynslu, sem aftur getur komið niður á þróun orðaforða og öflun þekkingar í gegnum lestur.

b) Lesskilningserfiðleikar snúa að þekkingu lesandans á **notkun tungumálsins** og hvernig því er beitt í mismunandi **aðstæðum**. Þessi þekking hjálpar honum við að draga ályktanir um þær aðstæður sem lýst er í texta og setja sig inn í hugarheim sögupersóna. Slík **ályktunarhæfni** gegnir afar mikilvægu hlutverki við að ná lesskilningi og í þeim þætti liggur stærsti vandi þeirra sem eiga við sértæka lesskilningserfiðleika að etja.

| | Slök | Umskráning | Góð |
|-------------------------------|---|------------|---|
| Góður Hlustunarskilningur | Lesblinda/dyslexía | | Enginn vandi í umskráningu né skilningi |
| Slakur Hlustunarskilningur | Blandaður hópur Veikleikar í báðum þáttum | | Sértækir erfiðleikar með lesskilning |

37 ALGENG EINKENNI LESBLINDU ©1992, RONALD D. DAVIS

Um það bil 10 af eftirfarandi einkennum má sjá í fari flestra lesblindra. Einkennin geta verið breytileg allt frá degi til dags jafnvel frá mínútu til mínútu. Traustasta einkenni lesblindra er einmitt þessi óstöðugleiki.

Almennt

- Einstaklingurinn virðist skýr, mjög greindur og vel máli farinn en slakari í lestri, skrift og stafsetningu en aðrir jafnaldrar.
- Hann er oft stimplaður latur, vitlaus, kærulaus, óþroskaður, að hann leggi ekki nógu hart að sér eða sé með hegðunarvandamál.
- Hann telst oft ekki vera „nógu langt á eftir“ eða „nógu slakur“ til að fá viðeigandi aðstoð í skóla.
- Hann er oft með háa greindarvísitölu en útkoma á bóklegum prófum er ekki góð. Útkoma á munnlegum prófum er betri en á skriflegum prófum.
- Hann telur sig heimskan og hefur lélegt sjálfsálit. Hann felur veikleika sína með snjöllum aðferðum; hann kemst auðveldlega í uppnám út af lestri eða prófi í skólanum.
- Hann býr yfir miklum hæfileikum í listum, leiklist, tónlist, íþróttum, meðferð véla, frásagnarlist, solumennsku, viðskiptum, hönnun, byggingarlist og verkfræði.
- Hann virðist detta út eða gleyma sér oft í dagdraumum; týnist auðveldlega eða missir tímaskyn.
- Hann á erfitt með að halda athyglinni; virðist of- eða vanvirkur (dagdreyminn).

- Hann lærir best með sýnidæmum því að framkvæma sjálfur, gera tilraunir, athuga, skoða og með sjónrænum áreitum.

Sjónskynjun, lestur og stafsetning

- Einstaklingurinn kvartar yfir svima, höfuðverk eða magaverk meðan á lestri stendur.
- Bókstafir, tölur, orð, raðir eða munnlegar útskýringar valda ruglingi hjá viðkomandi.
- Hann endurtekur, ruglast á, bætir við, sleppir úr, víxlar stöfum, orðum og tölustöfum í lestri.
- Hann kvartar yfir að finnast eða sjá stafi og texta hreyfast fyrir framan sig meðan á lestri og ritun stendur.
- Hann virðist eiga við sjónræna erfiðleika að stríða þó svo að augnlæknir finni ekkert athugavert að sjóninni né augnum.
- Hann er mjög athugull eða vantar dýptar- og jaðarskyn.
- Hann les og endurles með litlum árangri hvað lesskilning varðar.
- Hann stafsetur samkvæmt hljóðaaðferð. Stafsetning er mjög misjöfn.

Heyrn og mál

- Viðkomandi hefur mjög næma heyrn; heyrir hluti sem ekki hafa verið sagðir eða sem aðrir hafa ekki heyrt; öll hljóð trufla hann.
- Hann á erfitt með að koma hugsunum sínum í orð; talar í ókláruðum setningum; stamar undir álagi; mismælir sig þegar notuð eru löng orð eða víxlar setningarhlutum, orðum og atkvæðum þegar hann talar.

Ritun og hreyfifærni

- Viðkomandi á í erfiðleikum með ritun eða að skrifa eftir upplestri; blýantsgrip óvenjulegt, rithönd misjöfn eða er ólæsileg.
- Hann er klunnalegur, hefur lélega samhæfingu, er lélegur í bolta- eða hópíþróttum; á í erfiðleikum með fín- og/eða grófhreyfingar; viðkvæmur fyrir bíl-, sjó- eða flugveiki.
- Hann getur verið jafnhentur og ruglast oft á hægri/vinstri, yfir/undir.

Stærðfræði og tímastjórnun

- Einstaklingurinn á erfitt með að segja til um tímasetningu, með tímastjórn, læra hluti sem þurfa að vera í ákveðinni röð (vikudagana, mánuði, margföldunartöfluna o.fl.), eða stundvísi.
- Hann notar puttana eða önnur brögð við útreikninga í stærðfræði; veit svörin við dæmunum en getur ekki sýnt útreikning á blaði.
- Hann kann að telja en á erfitt með að telja hluti og eiga við peninga.
- Hann getur reiknað talnadaemi en á erfitt með orðadaemi; á í erfiðleikum með algebru og flóknari stærðfræði.

Minni og hugsun

- Viðkomandi hefur gott minni á það sem hann hefur upplifað (langtímaminni), staði og andlit.
- Hann man illa atburðaröð, staðreyndir og upplýsingar sem viðkomandi hefur ekki upplifað.
- Hann hugsar aðallega í myndum og tilfinningum, ekki með hljóðum eða orðum (lítið innra samtál á sér stað).

Hegðun, heilsa, þroski og persónuleiki

- Einstaklingurinn er sérstaklega óskipulagður eða áráttukennt skipulag.
- Hann getur verið trúðurinn í bekknum, vandræðagæmsi eða of hljóður.
- Hann nær þroskaviðmiðum annað hvort mjög snemma eða mjög seint (tala, skríða, ganga, reima skó).
- Hann er gjarn á að fá eyrnabólgu; viðkæmur fyrir mat (mataróþol), aukæfnum og hreinsivörum.
- Hann sefur annað hvort mjög fast eða mjög laust; pissar undir lengur en eðlilegt telst.
- Hann er með sterka réttlætiskennd; tilfinningancæmur; með fullkomnunaráráttu.
- Ef hann gerir mistök aukast einkennin verulega ef viðkomandi kemst í uppnám, er undir tímapressu, andlegu álag eða glímir við veikindi.

NÁÐARGÁFAN LESBLINDA

Hugarferlið sem veldur lesblindunni er náðargáfa í orðsins fyllstu merkingu. Það er náttúruleg hæfni eða hæfileiki. Þessi hæfileiki er mjög sérstakur og hann er mikill kostur þegar rétt er á málum haldið.

Lesblindan gerir mann ekki sjálfkrafa að snillingi, en það er hollt fyrir sjálfsmat lesblindra að vita að hugur þeirra starfar á nákvæmlega sama hátt og hugur frægra snillinga. Lesblindir þróa ekki allir náðargáfuna á sama hátt og það er langt í frá að allir lesblindir séu eins - en þeir eiga ýmsa hugarstarfsemi sameiginlega.

Frumfærni lesblindunnar:

- Lesblindir geta nýtt hæfileika heilans til að breyta skynjunum og skapa þær.
- Þeir eru mjög meðvitaðir um og næmir á umhverfi sitt.
- Þeir eru forvitnari en gerist og gengur.
- Þeir hugsa fremur í myndum en orðum.
- Þeir búa yfir ríku innsæi og næmi.
- Þeir hugsa og skynja í margvídd með því að nýta öll skilningarvitin.
- Þeir geta upplifað hugsun sem veruleika.
- Þeir hafa frjótt ímyndunarafli.

Séu þessir átta grundvallarhæfileikar ekki bældir eða eyðilagðir, eða þeim hafnað af uppalendum og umhverfinu, koma þeir fram sem tveir eiginleikar:

- Greind yfir meðallagi
- Óvenju rík sköpunargáfa

Af þessum tveimur eiginleikum getur hin eiginlega náðargáfa lesblindunnar sprottið - snillingáfan. Hún þróast á marga vegu og á ólíkum sviðum.

Átt þú auðvelt með að skoða hluti frá öllum sjónarhornum í huganum?

Erfiðleikar lesblindra við lestur, skrift, stafsetningu eða stærðfræði tákna ekki að þeir séu heimskir. Hugarstarfsemin, sem skapar snilling, getur einnig framkallað þessa erfiðleika. Þessi hugarstarfsemi, sem veldur lesblindu, er náðargáfa; það er náttúruleg færni, hæfileiki. Hún er sérstakt fyrirbæri sem bætir einstaklinginn. Áætlað er að allt að þriðjungur mannkyns fæðist með þessa hæfileika. Af þeim er líklega um helmingur sem lendar í erfiðleikum með lestur eða skrift á fyrstu árum skólagöngu sinnar. Það er ekki vegna þess að eitthvað sé að þeim, heldur einfaldlega vegna þess að almennt er kennsla ekki sniðin að þörfum þeirra og námsstíl.